



# BSF2B01 Stýri - fjöðrun – framvagn

Námsáætlun, vorönn 2020

**Kennari/kennarar:**

Ágúst Ingi Friðriksson  
Ásgeir Þorsteinsson

**Netfang/netföng:**

[agust@bhs.is](mailto:agust@bhs.is)  
[asgeirth@bhs.is](mailto:asgeirth@bhs.is)

**Lýsing:**

Farið yfir aðferðir við mat á ástandi búnaðar og íhluta í framvagni, vinnubrögð við viðgerðir og meðhöndlun búnaðar og íhluta. Upprifjun á frágangi skráffestinga.

Farið yfir grunnatriði hjólastillinga.

Áhersluatriði í kennslu: vönduð vinna, fagleg vinnubrögð og nákvæmni.

Mikilvægi þess að allar festingar og splitti séu rétt frágengin.

Gera grein fyrir þeirri hættu sem skapast af lélegum vinnubrögðum.

Slysaætta við vinnu undir ökutæki og akstursöryggi eftir viðgerð.

**Þekking, leikni, hæfni:**

**Þekkingarviðmið;** *nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:*

- helstu hugtökum er varða hjólastillingar
- aðferðum við mat á ástandi búnaðar og íhluta í framvagn
- reglum um frágangur skráffestinga

**Hæfniviðmið;** *nemandi skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- meta ástand algengs stýris- og fjöðrunarbúnaðar, þ.m.t. hjól og hjólbarða

**Leikniviðmið;** *nemandi skal hafa öðlast leikni í að:*

- taka stýris- og fjöðrunarbúnað í sundur
- skipta um slitna eða skemmda hluti í stýris- og fjöðrunarbúnaði
- setja saman stýris- og fjöðrunarbúnað og gera viðeigandi stillingar
- lýsa afleiðingum þess ef beitt er röngum vinnubrögðum
- lýsa afleiðingum þess ef hjólabúnaður að framan er vanstilltur

**Námsmat:****Verklegt mat: Gildir 40% af lokaeinkunn**

Nemandinn tekur í sundur ýmsar gerðir stýrisbúnaðar, lýsir viðgerðum eða skiptum á íhlutum. Hann lýsir áhrifum slitinna íhluta á aksturseyggleika og akstursöryggi og hvernig viðgerðamaður gengur úr skugga um framangreind atriði

**Skriflegt mat: Gildir 40% af lokaeinkunn**

Nemandinn leysir próf/verkefni um fræðilega þætti áfangans og viðeigandi ákvæði reglugerðar um gerð og búnað ökutækja

**Virgni og þátttaka: Gildir 20% af lokaeinkunn**

Nemandi er metinn eftir því hvernig hann sinnir námi, hversu vel hann skilar tilætluðu vinnuframlagi. Undir þennan þátt falla atriði eins og framtaksemi, áhugasemi, viðhorf nemanda á námið og hversu vel nemandi fylgir fyrirmælum kennara.

**Til að standast áfangann þarf nemandi að ná að lágmarki 5 í öllum námsmatþáttum og samanlagt að lágmarki 5 í lokaeinkunn.**

**Nemandi þarf að klára 95% af öllum prófum/verkefnum svo þau séu tekinn gilt til mats.**

**Námsgögn:**

- Electude kennsluvefsíða
- Gögn frá kennara sem er að finna á innu.is

**Aðrar mikilvægar upplýsingar:**

Nemendur þurfa að fylgja öryggisreglum á verkstæði og nota viðeigandi hlífðarfatnað og öryggisbúnað.

Nemendur yfirgefa ekki kennsluvæði nema með leyfi kennara.

Nemendur bera virðingu fyrir verkfærum, þrifa og ganga frá verkfæri á sitt heimili.

Í lok kennslutíma þrifa nemendur vinnusvæði

**Verkefnalisti:**

**Verklegar æfingar:**

- Nota viðgerðaupplýsingar þegar unnið er að viðgerð á stýri og fjöðrunarbúnaði
- Taka stýri og fjöðrunarbúnað í sundur
- Setja saman stýri og fjöðrunarbúnað og gæta stillingum við samsetningu
- Tryggja rétta herslu festingu og læsingu íhluta í stýri og fjöðrunarbúnaði
- Þjálfá bilunarleit í stýri og fjöðrunarbúnaði
- Þekkja slit og skemmdir í stýri og fjöðrunarbúnaði
- Þekkja þær hættur sem eru til staðar þegar unnið er í stýri og fjöðrunarbúnaði

**Skrifleg æfingar:**

- Electude verkefni
- Steering System Procedures
- Suspension System Procedures

Dags.	Námsþættir	Námsmats-þættir
1	Kynning á áfanga. Fyrirlestur um stýris- og fjöðrunarbúnað. Verklegar æfingar. Skrifleg verkefni.	
2	Fyrirlestur um stýris- og fjöðrunarbúnað. Verklegar æfingar. Skrifleg verkefni.	
3	Fyrirlestur um stýris- og fjöðrunarbúnað. Verklegar æfingar. Skrifleg verkefni.	
4	Fyrirlestur um stýris- og fjöðrunarbúnað. Verklegar æfingar. Skrifleg verkefni.	
5	Fyrirlestur um stýris- og fjöðrunarbúnað. Verklegar æfingar. Skrifleg verkefni. Skil á skriflegu prófum/verkefnum.	

Námsáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.